

**Nr. 078 / 11 Valberg VE 5****Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 6507  
Smíðaður: Hafnarfirði 1982, plast  
Stærð: 3,4 brl. 3,0 bt.  
Mesta lengd: 6,95 m Skráð lengd: 6,34 m  
Breidd: 2,42 m Dýpt: 1,06 m  
Vél: Yanmar 140 kW, 1999  
Fjöldi skipverja: 1



Valberg©Alfons Finnsson

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 8. júní 2011 var Valberg VE 5 að koma til hafnar í Vestmannaeyjum.

Þegar verið var að leggja að bryggju í Friðarhöfn var bakkað en þegar setja átti vélina áfram virkaði hún ekki en hélt áfram að bakka. Skipstjóri tók nokkrum sinnum fast á skiptingunni því hættu var á að rekast á nærliggjandi bát við bryggjuna. Þegar skiptingin virkaði setti hann á mikla orku áfram en þá var ekki heldu hægt að stöðva og báturinn sigldi því með nokkru afli á bryggjuna. Við þetta lenti bátsverjinn harkalega á styrinu svo hann rifbeinsbrotnað við höggið. Í ljós kom að skiptistöngin hafði losnað fram af rílunum á öxlinum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að endi handfangsins sem gengur upp á öxulinn er klofinn „klemmuhólkur“ með rílum og er hann hertur saman með skrúfubolta utan um rílusætið á öxlinum;
- að sögn skipstjóra var rílusætið á öxlinum um átta mm að dýpt (lengd) en sýnilegt var eftir ástandi sætisins að handfangið hafði aðeins setið á um þriggja mm fleti á öxlinum um langan tíma.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var ófullnægjandi frágangur stjórnækja.